

Nd.

429. Breytingartillögur

[191. mál]

við frv. til l. um aðgerðir í atvinnumálum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð 300 milljónir króna, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til atvinnuaukningar og eflingar atvinnulífs í landinu. Féð skal vera í umsjá Atvinnujöfnunarsjóðs, sem fer með það samkvæmt reglum, sem um það eru settar af Atvinnumálanefnd ríkisins.

2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, er verði 6. gr., svo hljóðandi:

Verja skal fé því, sem aflað er samkvæmt 5. gr., eftir ákvörðun Atvinnumálanefndar ríkisins til lána og styrkja til atvinnuframkvæmda, er að öðru jöfnu leiða til sem mestrar atvinnuaukningar og eru jafnframt arðbærar, en geta ekki fengið nægilegt fjármagn frá fjárfestingarsjóðum og öðrum lánastofnunum. Við veitingu lána og styrkja til atvinnufyrirtækja skal einnig hafa í huga hagkvæmni í uppbyggingu hinna einstöku atvinnugreina. Heimilt skal að veita styrki til greiðslu tæknilegra athugana og undirbúnings framkvæmda og í sérstökum öðrum tilvikum, sem nánar er kveðið á um í starfsreglum nefndarinnar. Styrkveitingar og lánskjör skulu háð samþykki allra nefndarmanna, þeirra er fund sækja, þegar ákvarðanir eru teknar.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna geta átt frumkvæði að því að hvetja fyrirtæki eða sveitarfélög til að sækja um lán eða styrki og veitt aðstoð við undirbúning umsókna. Áður en Atvinnumálanefnd ríkisins tekur ákvarðanir um lánveitingar eða styrki, skal ávallt leitað álits hlutaðeigandi kjördæmanefndar. Eigi skal Atvinnumálanefnd ríkisins samþykkja veitingu láns eða styrks, ef fyrir liggur neikvæð umsögn kjördæmanefndar.

Atvinnumálanefnd ríkisins setur sér nánari starfsreglur, þar á meðal um veitingu lána eða styrkja.